

148. löggjafarþing 2017–2018.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 57/2011.

Frá mennta- og menningarmálaráðherra.

1. gr.

Í stað orðsins „tveir“ í 1. málsl. 4. mgr. 6. gr. komi: sex.

2. gr.

Í stað orðanna „eitt ár er liðið“ í 1. málsl. 3. mgr. 8. gr. komi: þrjú ár eru liðin.

3. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1995“ í 9. gr. komi: 1. janúar 1993.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2016 var felld inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/60/ESB frá 15. maí 2014 um skil á menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (endurútgefin). Þar sem umrædd ákvörðun EES-nefndarinnar felur sér breytingu á EES-samningnum sem kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara sem var aflétt á 146. löggjafarþingi 2016–2017.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Tilskipun 2014/60/ESB leysir af hólmi tilskipun 93/7/EBE frá 15. mars 1993 um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Með tilskipun 93/7/EBE var tekið upp fyrirkomulag sem gerir aðildarríkjum Evrópusambandsins kleift að tryggja að menningarminjum, sem flokkaðar eru sem þjóðarverðmæti í skilningi 36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, falla undir sameiginlega flokka menningarminja sem um getur í viðaukanum við þá tilskipun og hafa verið fluttar brott af yfirráðasvæði þeirra í bága við ráðstafanir aðildarríkja, verði skilað aftur til yfirráðasvæðis þeirra. Beiting tilskipunarinnar hefur sýnt að takmarkanir eru á fyrirkomulagi því sem á að tryggja að menningarminjum verði skilað. Tilskipuninni er beitt sjaldan, einkum vegna þess hve takmarkað gildissvið hennar er.

Markmiðið með lagasetningunni er að innleiða öll nýmæli úr tilskipun 2014/60/ESB inn í landsrétt þannig að Ísland uppfylli þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Markmiðið með breytingunum sem gerðar eru með frumvarpinu er að rýmka gildissvið laganna til að auka möguleika á beitingu þeirra.

Tilskipun 2014/60/EB fjallar um að menningarminjum sem hafa verið fluttar frá yfirráðasvæði aðildarríkis ólöglega skilað í samræmi við málsmeðferð og þær aðstæður sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

Innleiðing tilskipunar 2014/60/ESB í landsrétt kallar á breytingar á lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011, sem taka mið af ákvæðum tilskipunar 93/7/EBE frá 15. mars 1993. Aðrar leiðir en breyting á gildandi lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa komu því ekki til greina.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með tilskipun 2014/60/ESB er gildissviðið rýmkað þannig að það nái til hvers konar menningarminja sem aðildarríki flokkar eða skilgreinir, samkvæmt landslögum eða stjórnsýslureglum, sem þjóðarverðmæti með listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi í skilningi 36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Enn fremur þurfa menningarminjar, flokkaðar eða skilgreindar sem þjóðarverðmæti, ekki lengur að tilheyra flokkum eða uppfylla viðmiðanir er varðar aldur og/eða fjárhagslegt gildi til þess að uppfylla skilyrði þess að þeim verði skilað á grundvelli tilskipunarinnar.

Þá er samstarf milli aðildarríkja aukið til að stuðla að skilvirkari og samræmdari beitingu tilskipunarinnar. Þannig er þess krafist að stjórnvöld skiptist á upplýsingum um menningarminjar sem fluttar eru ólöglega í forritseiningu í IM-upplýsingakerfinu, sem er sérsníðið fyrir menningarminjar.

Frestur til að meta hvort menningarminjar, sem finnast í öðru aðildarríki, teljast menningarminjar í skilningi tilskipunar 93/7/EBE hefur verið talinn of stuttur. Af þeim sökum lengir tilskipun 2014/60/ESB frestinn úr tveimur mánuðum í sex mánuði. Einnig er frestur til að hefja málsmeðferð vegna skila lengdur úr einu ári í þrjú ár, eftir að aðildarríki það sem menningarminjar voru fluttar frá, kemst að raun um staðsetningu menningarminjanna og hver sé handhafi þeirra eða vörsluaðili.

Tilskipunar 2014/60/ESB er endurútgáfa á tilskipun ráðsins 93/7/EBE sem hafði verið breytt í veigamiklum atriðum með tilskipunum Evrópu Evrópuþingsins og ráðsins 96/100/EB og 2001/38/EB. Þær höfðu áður verið innleiddar í íslenskan rétt með lögum nr. 57/2011 og var þess vegna ekki þörf á veigamiklum breytingum á gildandi lögum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið felur ekki í sér álitaeftir er varða stjórnarskrá en felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins til uppfyllingur á skyldum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir helst Minjastofnun Íslands sem fer með framkvæmd laga nr. 57/2011, almenning og önnur ríki. Samráð var haft við Minjastofnun Íslands allt frá fyrstu stigum innleiðingar.

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 57/2011, voru birt á samráðsgátt 12. febrúar 2018.

6. Mat á áhrifum.

Á lög um skil á menningarverðmætum til annarra landa, nr. 57/2011, hefur aldrei reynt né forvera þeirra, lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 105/2001. Þá hefur svokallað IMI-kerfi nú þegar

verið tekið til notkunar hér á landi. Þótt vonir séu bundnar við að oftari muni reyna á lögum með breytingunum þá litlar líkur á mikilli fjölgun mála hjá Minjastofnun.

Af þessum ástæðum er ekki gert ráð fyrir að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi fjárhagsáhrif á ríkissjóð umfram það sem gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi og þriggja ára áætlun.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ljós hefur komið að fresturinn til að meta hvort menningarminjar, sem finnast í öðru aðildarríki, teljast menningarverðmæti í skilningi tilskipunar 93/7/EBE er of stuttur. Þess vegna er fresturinn lengdur úr tveimur mánuðum í sex.

Um 2. gr.

Fresturinn til að hefja málsmeðferð vegna skila er lengdur í þrjú ár úr einu. Miðað er við að frestur til að höfða mál hefjist á þeim degi sem að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarverðmætin eru niður komnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Markmiðið með breytingunum er að greiða fyrir skilum og vinna gegn ólöglegum brottflutningi á þjóðarverðmætum.

Um 3. gr.

Tímamörk laganna er breytt úr 1. janúar 1995 í 1. janúar 1993 í samræmi við markmið frumvarpsins um að rýmka gildissvið laganna.